

myndasafn rannsóknarlögreglunnar og þekkt þar þá Tryggva Rúnar Leifsson og Einar Sverri Einarsson. Var Einar Sverrir í gær úrskurðaður í allt að 20 daga gæzluvarðhald. Tryggvi Rúnar Leifsson hefur í dag neitað allri þátttöku í verknaði þessum. Þá hefur hann neitað að hafa verið í leigubíl með Einari Sverri Einarssyni, Sólrúnu Elíðóttur og Soffiu Theódórsdóttur síðastliðinn föstudag.

Tryggvi Rúnar Leifsson er grunaður um brot gegn XXVI. kafla almennra hegningarlaga, og getur brot hans varðað fangelsisrefsingu. Er því fullnægt skilyrðum 65 gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 um gæzluvarðhald.

Rannsókn máls þessa á enn langt í land, og þarf meðal annars að fara fram sakbending. Ekki hefur náðst til hins finnska manns til þess að upplýsa, hve mikil innstæða var í bankabókum þeim, er stolið var. Nauðsyn þykir því bera til með vísan til 1. tl. 67. gr. laga nr. 82/1961 að úrskurða Tryggva Rúnar Leifsson í gæzluvarðhald, á meðan á rannsókn málsins stendur, svo hann geti ekki spillt fyrir rannsókninni með óskertu frelsi.

Ákveðst gæzluvarðhaldstíminn allt að 20 dögum.

Úrskurðarorð:

Kærði, Tryggvi Rúnar Leifsson, sæti gæzluvarðhaldi í allt að 20 dögum.

Þriðjudaginn 19. september 1972.

Nr. 99/1972. **Ákærvaldið**
 gegn
Einari Sigurðssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Dómssátt úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Saksóknari ríkisins hefur samkvæmt heimild í 6. mgr. 112. gr. laga nr. 82/1961, sbr. 1. gr. laga nr. 29/1966, skotið máli

þessu til Hæstaréttar með kæru 25. júlí 1972, sem barst dómnum 26. s. m., og krafizt þess, að hin kærða dómssátt verði úr gildi felld og að varnaraðilja verði gert að greiða kærúmálskostnað.

Aðfaranótt laugardagsins 25. marz 1972 handtók Steingrímur Þórarinsson lögreglumaður varnaraðilja við akstur bifreiðarinnar P 867 á Hellissandi vegna gruns um ölvun við akstur. Var varnaraðilja tekið blóð til rannsóknar, og reyndist það innihalda „reducerandi“ efni, er svara til 1.58% alkóhóls. Viðurkenndi varnaraðili brot sitt. Héraðsdómari ákvað að ljúka málinu með dómssátt, þannig að varnaraðili samþykkti í sakadómi Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu hinn 16. maí 1972 að greiða kr. 3.000.00 sekt í rikissjóð, en sæta ella varðhaldi 4 daga, yrði sektin ekki greidd fyrir 15. júní 1972, og vera sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi eitt ár frá 16. maí 1972. Félst varnaraðili á sátt þessa.

Samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1960 varðar brot gegn 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. laga þessara varðhaldi eða fangelsi. Héraðsdómara var því samkvæmt skýlausum ákvæðum 2. tl. 1. mgr. 112. gr. laga nr. 82/1961, sbr. lög nr. 29/1966, heimildarlaust að ljúka máli þessu með sátt, og ber því samkvæmt 6. mgr. 112. gr. laga nr. 82/1961 að fella dómssátt þessa úr gildi.

Rétt er, að kærúmálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hin kærða dómssátt er úr gildi felld.

Kærúmálskostnaður fellur niður.

Dómssátt sakadóms Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu

16. maí 1972.

Ár 1972, þriðjudaginn 16. maí, var sakadómur Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu háður í Röst, Hellissandi, af Benedikt Þórðarsyni fulltrúa. Fyrir var tekið: Rannsókn í tilefni af kæru um ölvun við akstur.

Dómarinn leggur fram ofangreinda kæru, dskj. nr. 1—6, svo hljóðandi:

Fyrir dómi er mættur kærði: Nafn: Einar Sigurðsson. Stétt eða atvinna: Sjómaður. Heimili: Keflavíkurvegi 20, Hellissandi. Fæðingarstaður: Reykjavík. Fæðingardagur: 9. júlí 1943.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 82/1961.

Kærði játar, að efni kærunnar sé rétt og kannast við ofangreint brot sitt. Hann samþykkir að greiða kr. 3.000.00 í sekt til ríkissjóð til að sleppa við málssókn út af brotinu, sem varðar við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. laga nr. 40/1968. Sektin greiðist fyrir 15. júní 1972, en ella sæti kærði í hennar stað varðhaldi 4 daga.

Málskostnaður, kr. 1.500.00, greiðist fyrir sama tíma.

Kærði er sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi í eitt ár frá 16. maí 1972.

Framangreint brot hefur ítrekunarverkun á síðari brot, sbr. 71. gr. laga nr. 19/1940.

Dómarinn lét málssókn falla niður.

Priðjudaginn 19. september 1972.

Nr. 100/1972. Ákærvaldið

gegn

Kristni Þorsteini Bjarnasyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Dómssátt úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Saksóknari ríkisins hefur samkvæmt heimild í 6. mgr. 112. gr. laga nr. 82/1961, sbr. 1. gr. laga nr. 29/1966, skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 25. júlí 1972, sem barst dómnum 26. s. m., og krafizt þess, að hin kærða dómssátt verði úr gildi felld og að varnaraðilja verði gert að greiða kærumálskostnað.

Hinn 24. febrúar 1970 var varnaraðilja í sakadómi Reykjavíkur dæmt 20 daga varðhald og svipting ökuleyfis 18 mánuði fyrir brot gegn 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 219.